

Ríkisábyrgðir 2008

- Upplýsingum um ríkisábyrgðir er safnað ársfjórðungslega frá öllum þeim aðilum sem hafa lán með ríkisábyrgð og/eða njóta ríkisábyrgða á skuldbindingar sínar vegna eignaraðildar ríkissjóðs.
- Heildarstaða á ríkisábyrgðum í lok fjórða ársfjórðungs 2008 var rúmlega 1.246 ma.kr. og hafði hækkað um rúmlega 354 ma.kr. frá áramótum. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru rúmlega 355 ma.kr. eða um 28,5% í erlendum gjaldmiðlum. Nýjar ríkisábyrgðir á árinu 2008 námu alls tæplega 54,4 ma.kr. og voru til Íbúðalánasjóðs, um 41,2 ma.kr., Landsvirkjunar um 11,3 ma.kr. og Byggðastofnunar um 1,9 ma.kr.
- Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar í lánnum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs og var hlutfall Íbúðalánasjóðs í heildartölu ríkisábyrgða 65% í lok fjórða ársfjórðungs 2008.
- Aukning ríkisábyrgða á árinu 2008 má að stórum hluta rekja til hækkunar, vísitölu neysluverðs og breytinga á gengi íslensku krónunnar.